

Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Stykkishólmsbæjar

1. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Stykkishólmsbæjar.
2. Við val á heiðursborgara skal hafa í huga m.a.
 - a) Störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.
 - b) Störf og framganga hafi verið til fyrirmyndar og til eftirbreytni.
 - c) Jákvæða ímynd bæði innan Stykkishólms sem utan.
3. Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.
4. Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.
5. Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða stórafmæli viðkomandi.
6. Heiðursborgari fær skautritað innrammað skjal undirritað af öllum bæjarfulltrúum til staðfestingar. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
7. Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Stykkishólmsbæ sem slíkur.
8. Stykkishólmsbær hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:
 - a) Fellir niður fasteignaskatt af íbúðarhúsi heiðursborgara sem hann á og býr í.
 - b) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Stykkishólmsbæjar.
 - c) Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
 - d) Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara, þegar þar að kemur, að beiðni aðstandenda
9. Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverju sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í bæjarstjórn 31.10.2013